


DEILISKIPULAG EFTIR BREYTINGU MKV 1:1000

0m 10 20 30 40 50m

SKÝRINGAR

- skipulagssvæði
- lóðamörk
- byggingarreitur
- ljósamastur
- þjónustuaðkoma að knattspyrnuvöllum
- göngustígur
- gönguleið



Aðalskipulag Garðabæjar 2004 - 2016

**YFIRLIT YFIR BREYTINGAR**

**Fyrri breytingar**

Deiliskipulag íþrótta- og skólasvæðis við Ásgarð var staðfest í B-deild stjórnartíðinda 4.desember 2001, nr. 924/2001. Við þá gildistöku féllu úr gildi deiliskipulagsáætlanir fyrir lóð Flataskóla, fyrir íþróttamiðstöð og fyrir Garðaskóla.

Deiliskipulaginu var breytt með staðfestingu í B-deild stjórnartíðinda 15. júlí 2004 nr.644/2004. Þá skilgreind 4 20 m há ljósamöstur við aðalvöll.

Deiliskipluaginu var breytt með staðfestinu í B-deild stjórnartíðinda 19. feb 2008 nr.161/2008. Þá var gert ráð fyrir stækkun byggingarreits vegna fimleikahúss og breytingum á aðkomu að félagsheimili Stjörnunnar.

Deiliskipulaginu var breytt með staðfestingu í B-deild stjórnartíðinda þann 10. maí 2012 nr. 427/2012. Þá var gert ráð fyrir 3 nýjum ljósamöstrum við æfingavöll, 18,5 metra háum.

**Byggingarreitur**

Byggingarreitur á lóð íþróttamiðstöðvarinnar Ásgarðs stækkar til suðvesturs vegna fyrirhugaðra breytinga við sundlaug og til suðausturs austurs á félagssvæði Stjörnunnar vegna möguleika á að byggja íþróttamannvirki tengdu aðalanddyri. Ákvæði skilmála deiliskipulagsins sem ná til byggingarreitsins eru óbreytt, þ.e. hámarkshæð mannvirkja er 9.0 m yfir landhæð.

**Lóðamörk**

Lóðarmörk íþróttasvæðis færast 8 metra að húsum við Stekkjarflöt við suðurhorn lóðar.

**Bílastæði**

Bílastæðum við Flataskóla fjölgar úr 82 í 86.

240 ný bílastæði koma á svæðið á milli Ásgarðs og Hafnarfjarðarvegar, norðvestan við íþróttamannvirki.

Bílastæðum við félagsheimili Stjörnunnar er breytt til samræmis við útfærslu og þeim fjölgað úr 12 í 21.

**Niðurrif**

Húsið Ásgarður 2 sem byggt var 1950 skv fasteignaskráningu er víkjandi samkvæmt deiliskipulagsbreytingu þessari. Það er síðast þeirra íbúðarhúsa sem stóðu á þessum stað við Hafnafjarðarveg.

**Vallarsvæði**

Völlur suðaustan aðalvallar breikkar um 8 m í átt að Stekkjarflöt og lengist um 5 m. Gert verður ráð fyrir aðkomu frá bæjargarði vegna sjúkraflutninga og viðhalds. 2 ljósamöstur sem eru við völlinn að suðaustanverðu færast nær Stekkjarflöt sem nemur breikkun vallar. Hæð þeirra er óbreytt eða 18.5 metrar . Um útfærslu þeirra gilda ákvæði deiliskipulagsbreytingar árið 2012 en þar segir : Birtumagn lýsingar verður 180-300 lux (til samanburðar eru ljós á aðalvelli 500 lux). Til að tryggja að lýsing trufli ekki íbúðarbyggð í nágrenni við völlinn, skulu lampar vera með stefnuvirkri lýsingu með skermingu, sams konar og núverandi lýsing við aðalvöll.

**Stígar**

Stígur meðfram húsum við neðanverða Stekkjarflöt færist til suðausturs sem nemur breikkun vallar og lóðar íþróttasvæðis.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem hefur fengið meðferð skv. 1.mgr.43.gr. og 1.mgr.41.gr. skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þann

____________________

og í bæjarstjórn Garðabæjar þann ____________________

f.h. Garðabæjar

____________________________________________

Deiliskipulagið tók gildi með birtingu auglýsingar nr. __________ í B-deild Stjórnartíðinda

ÁSGARÐUR GARÐABÆ
BREYTINGAR Á DEILISKIPULAGI

SKIPULAGSVINNA : VA ARKITEKTAR
DAGSETNING : 5. SEPTEMBER 2016

Skjal sótt af 000000000, dags: 25.03.2026